



EFNI: AÐALSKIPULAG SKEIÐA- OG GNÚPVERJAHREPPS

VERKNR:

SA118

DAGS: 30.03.2017

Fundur í stýrihóp haldinn í Árnesi kl. 08:00 – 12:00.

Mætt voru: Einar Bjarnason, Björgvin Skafti Bjarnason, Halla Sigríður Bjarnadóttir, Gunnar Örn Marteinnsson, Kristófer Tómasson, Gísli Gíslason og Guðrún Lára Sveinsdóttir.

1 STEFNUMÖRKUN Í BYGGÐ

Farið var yfir alla landnotkunarflokka í dreifbýli nema verndarsvæði.

Frístundabyggð

Frístundasvæði F27, F28 og F47 verða sameinuð og heita F27 eftir sameiningu. [Lagt verður mat á að hafa Gert verður ráð fyrir](#) íbúðarlóðirum ([sbr. stakar ökum framkvæmdirum](#)) á svæði [neðan-sunnan](#) við frístundabyggðina. Halda verður opinni fjárrekstrarleið frá réttinni og að Gnúpverjavegi. [Ákveðið var að skoða aðstæður á vettvangi eftir fundinn.](#)

Frístundasvæði F3 tengist frístundabyggð í Flóahreppi og aðkoma að svæðinu er þaðan.

Frístundasvæði F4 og F7 verða sameinuð og heita F4 eftir sameiningu.

Verslunar- og þjónustusvæði

Nýtt verslunar- og þjónustusvæði verður sett inn í landi Réttarholts ofan við Þjórsárdalsveg, austan við Réttarholt A. Aðkoma verður um aðkomu að Réttarholti, skammt vestan við Skaftholtsrétt. Fyrirhugað er að byggja þar íbúðarhús og nokkur gestahús [til útleigu fyrir ferðamenn.](#)

Áhrif af uppbyggingu ferðamanna ~~á~~ ~~stöðu~~ ~~á~~ eru metin í umhverfisskýrslu.

Afþreyingar- og ferðamannasvæði

~~Ræða þarf við landeiganda að Gaukshöfða.~~ Til greina gæti komið að gera bílastæði neðan við [Gaukshöfðan](#) að sunnanverðu og [að](#) einungis verði hægt að ganga upp að honum [neðan frá](#). [Kristófer mun Ræða þarf við landeiganda að Gaukshöfða um mögulegar útfærslur.](#)

Áhrif af uppbyggingu ferðamannastaða eru metin í umhverfisskýrslu.

Efnistökusvæði

Austan við Búrfell er vikurnáma sem samkvæmt gildandi skipulagi er 345 ha að stærð. Samkvæmt samningi frá árinu 1998 er svæðið um 140 ha. Ákveðið var að minnka það til muna og láta það ná yfir námuna eins og hún er samkvæmt loftmynd og rétt útfyrir það.

Í Reykholti er vikurnáma vestan við Rauðukamba. Hugmyndin er að færa veginn að Reykholti vestur fyrir Reykholtið og þá gæti náman sést frá veginum. Litlar líkur á að náman hafi áhrif á fyrirhugaðar framkvæmdir í Reykholti.

Varúðarsvæði

Svæði fyrir virkjanir í biðflokki. Athuga þarf afmörkun varúðarsvæða fyrir Hestvatnsvirkjun og Vörðufellsvirkjun [með það í huga að minnka umfang svæðanna](#). Sett verður inn í greinargerð umfjöllun um þessar virkjunarhugmyndir og lýst andstöðu sveitarfélagsins við þær. Forsenda þess að þær verði byggðar er að samþykki landeigenda liggja fyrir.

Samgöngur

[Athuga þarf með Huga þarf að afstöðu](#) landeigendur varðandi færslu Skeiða- og Hrunamannavegar við Brautarholt og Þjórsárdalsvegur neðan við Árnes. Rökin fyrir færslu veganna eru m.a. stytting vegar og meira byggingarland í

Brautarholti, minni líkur á snjósöfnun og aukið öryggi vegfarenda. Rætt hefur verið um færslu Skeiða- og Hrunamannavegar við Vegagerðina og þeir hafa tekið vel í þá hugmynd.

Veglína frá Ásaskóla og upp með Kálfáni er til hjá Vegagerðinni. Ákveðið var að fjalla um þessa veglínu í greinargerð en ekki sýna hana á upprætti.

Vegur að Reykholti verður [væntanlega](#) færður vestur fyrir Reykholti [til samræmis við hugmyndir þeirra aðila sem áforma uppbyggingu á svæðinu](#).

Áhrif af breytingum á samgöngumannvirkjum eru metin í umhverfisskýrslu.

Vatnsverndarsvæði

Sýnd verða grannsvæði á upprætti við öll vatnsból sem hafa starfsleyfi [þar sem því verður við komið](#).

Athuga þarf með vatnsból á Ásólfstöðum, Skriðufelli og í Reykholti.

Veitur

Stækkun Búrfellslínu 3 hefur þau áhrif að helgunarsvæði undir henni stækkar verulega. Rætt verður við Landsnet og Landsvirkjun um stækkunina [á sérstökum fundi með sveitarstjórn](#).

Hverfisvernd

Í Merkurhrauni er hverfisverndarsvæði skv. gildandi skipulagi en ákveðið var að taka það út þar sem ekki þykir nein sérstök ástæða fyrir þeirri verndun.

2 ÖNNUR MÁL

Rætt var um íbúðarlóðir og byggingarland í þéttbýlunum. Í tengslum við uppbyggingu í Þjórsárdal þarf að huga að svæðum fyrir íbúðir fyrir starfsfólk. Samkvæmt deiliskipulögum eru 17-18 lóðir í Árnesi og um 20 lóðir í Brautarholti. Íbúðarsvæði í Árnesi verður stækkað og svæði austan við Þjórsárskóla að Þjórsárdalsvegi verður íbúðarsvæði. Einnig verður svæði upp við Kálfá ofan við Gnúpverjaveg sett inn sem íbúðarsvæði.

Iðnaðarsvæði í Árnesi verður utan þéttbýlisins. Ganga þarf vel frá svæðinu meðfram Búafossvegi s.s með skjólbelti eða mön.

Frístundasvæði í Hamarsheiði F35 - ósk um að breyta 1 lóð í landbúnaðarsvæði svo föst búseta verði heimil. Vantar upprátt af svæðinu svo hægt sé að staðsetja lóðina.

Aðalsskráning fornminja í þéttbýlunum verður gerð í sumar.

Flokkun landbúnaðarlands er vel á veg komin. Skipuleggja þarf fund með heimamönnum, sveitarstjóri boðar aðila vitt og breitt um sveitarfélagið á fund með skipulagsráðgjöfum-- [Skipulagsfulltrúi sendir Kristófer gógn fyrir fundinn](#). Stefnt að fundi í lok apríl eða byrjun maí.

Áhrif af flokkun landbúnaðarlands eru metin í umhverfisskýrslu.

3 NÆSTI FUNDUR

Stefnt er að næsta fundi stýrihóps þann 12. apríl kl. ~~ukkan~~ 08:00 – 11:00. Þá verður rædd stefnumörkun í þéttbýli og á hálendi ásamt verndarsvæðum.

Tekið saman á Hellu ~~31. Mars~~ [3. apríl](#) 2017.

Guðrún Lára Sveinsdóttir / Gísli Gíslason